

Læsisstefna Sunnuááss



Að á öllum deildum séu afmarkaðir bókakrókar sem gefa börnum og fullorðnum tækifæri til að eiga saman gæðastund við bókalestur.

- Bókalestur að minnsta kosti 1 x á dag í litlum hópum. Kynna bókina fyrir börnunum, s.s. hver skrifaði söguna? hver myndskreytti bókina? Gefa tækifæri á umræðum.
- Þjóða börnum upp á að lesa fyrir eitt til þegar tækifæri gefst. Einnig að skoða bækur með þeim, sérstaklega yngstu börnunum.

Að gera ritmál sýnilegt í leikskólanum

- Merkja innanstokksmuni og húsnæði með texta og ílát undir leikföng og efnivið í skapandi starfi.
- Hafa stafrófið í myndrænu formi á veggjum allara deilda, bæði há- og lágstafi.
- Börnin eru hvött til þess að merkja sjálf listaverk sín og hafa þau til hliðsjónar merkispjöld með nöfnum sínum.
- Umræður og skoðanir barnanna eru skráðar.
- Dagskipulag er sýnilegt í mynd- og ritmáli

Að í leikskólanum sé fjölbreytt úrval barnabókmennta á íslensku og öðrum tungumálum.

Að efla mál og læsi gegnum leik þar sem áhugi og reynsla barnsins er í brennidepli.

- Velja ljóð sem unnið er s.s. eins og ljóðskáld mánaðarins.
- Semja ljóð t.d. um fjölskyldu og hvað eina sem vekur áhuga barnanna.
- Að börnin fái kost á að búa til leikrit, ljóð eða sögur og túlka það á fjölbreyttan hátt
- Nýta skráningu á leik barna og upplifun til málörvunar
- Ræða við börn og gefa þeim tækifæri til að tjá sig.
- Starfsfólk hlustar eftir því hvar áhugi og reynsla barnsins liggur og nýtir það til eflingar máls og læsis s.s. í fámennum samverustundum þar sem gefst tækifæri til umræðu um ýmis málefni sem börnunum liggur á hjarta.
- Starfsfólk leggur sig fram um að kynnast tungumáli tvítýngdra barna á viðurkennandi hátt og einlægum áhuga.

- Starfsfólk er meðvitað um að leggja inn íslensk orð við allar aðstæður í leikskólanum

Að leikskólinn skapi sameiginlega þekkingu á því hvernig hægt er að nýta fjölbreytt leikefni og verkefni í tengslum við þróun málþroska og læsis.

- Starfsmannahópurinn skilgreinir hvaða hugtök skipta máli fyrir þróun máls og læsis og hvaða skilningur er lagður í þau.
- Unnið þróunarverkefni með Langholtsskóla „Mál og læsi alla skólagönguna“ skólaárið 2014-2015